

# Ályktun um velferðarmál

## Heilbrigðis- og tryggingamál

Sjálfstæðisflokkurinn ítrekar fyrri ályktanir sínar um rétt allra landsmanna til fullkomustu heilbrigðis- og félagsþjónustu sem á hverjum tíma er tæk á að veita. Þjónustan verði á forsendum notenda. Mikilvægt er að notendur hafi val um þjónustuaðila og að í boði verði fjölbreytt úrræði í samfelldri þjónustu. Til að ná þeim markmiðum skal kostnaðargreina og meta faglega þjónustuúrræði eftir viðurkenndum aðferðum.

Einstaklingar hafi val um að stýra þjónustu sinni sjálfir með svokallaðri „notendastýrðri persónulegri aðstoð“ (NPA). Í íslensku samfélagi er eðlilegt og sjálfsagt að allir fái sömu tækifæri til samfélagsþátttöku með þeim stuðningi sem hver og einn þarf til þess. Samningar milli þjónustuveitenda og greiðenda byggist á faglegu mati á þjónustunni og kostnaðar greiningu. Til þess að ná þessum markmiðum verði Sjúkratryggingar Íslands eflar.

Heilsugæslan geti verið fyrsti viðkomustaður einstaklingsins við heilbrigðiskerfið.

Sjúkraflutningar verði eflir, sérstaklega á landsbyggðinni t.d. með fleiri sjúkraflugvélum, þar sem því verður við komið.

Rafræn sjúkraskrá verði samtengd á landsvísu og aðgengileg notendum og öllum heilbrigðisstarfsmönnum er veita einstaklingum heilbrigðisþjónustu með öryggi og gæði þjónustunnar að leiðarljósi. Leita þarf heimildar notenda þjónustunnar við skráningu og miðlun upplýsinga með reglubundnum hætti.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að unnin verði langtímastefnumótun í heilbrigðis- og félagsmálum sem tryggi stöðugleika í málaflokknum. Þannig verði komið í veg fyrir óvissu og óöryggi sem einkennt hefur velferðarmálin undanfarin ár og þær tilviljanakenndu stefnubreytingar sem orðið hafa með ríkisstjórnar- og ráðherraskiptum. Mikilvægt er að sem flestir komi að stefnumótuninni.

Unnin verði stefnumótun í heilbrigðismálum til fimm ára í senn í samvinnu stjórnámálanna í sveitarstjórnnum og landsmálum, fagfólks og notenda til þess að tryggja sátt um málaflokkinn.

Tekið verði upp lýðheilsumat þar sem metin eru bein og óbein áhrif tiltekinna aðgerða stjórnvalda, reglugerða, laga eða annarra stjórnisýsluákvæðana á lýðheilsu.

Ráðgjöf, framkvæmd og eftirlit með heilbrigðisþjónustu verði aðskilin.

Stóraukna áherslu ber að leggja á forvarnir og heilsuefingu á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífshátt um. Brýnt er að auðvelda fólki að taka heilsusamlegar ákvarðanir. Sérstaka áherslu þarf að leggja á geðrækt, næringu og hreyfingu.

Forvarnir og heilsuefing í heilsugæslu og sveitarfélögum verði eflir og kraftar þriðja geirans nýttir þar sem frjáls félagasamtök og sjálfseignastofnanir vinna að forvörnum og bættari heilsu landsmanna.

Fagfólk heilsugæslu leggi sérstaka áherslu á geðrækt, næringu og hreyfingu í störfum sínum.

## Ályktun um velferðarmál

Námskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldskóla hafi að geyma heilsustefnu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda og starfsmanna með heilsuefningu og forvörnum í samstarfi við foreldra- og nemendafélög. Heilsustefnan kynni góðar fyrirmyndir, aukna hreyfingu og neyslu hollrar fæðu. Forvarnafræðsla um tóbak og vímuefni verði eflid á öllum skólastigum.

Heilsugæsla í skólum verði eflid og samræmd og starf barna við nám og störf í skóla verði skipulagt þannig í skólanámskrá að hreyfing og heilbriggt lífverni sé sett í öndvegi. Stuðla skal að aukinni fræðslu um hollt matarræði.

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að löng bið eftir heilbrigðisþjónustu er ekki sæmandi íslensku samfélagi og á það við um öll stig þjónustunnar. Móta þarf skýrar reglur um forgangsröðun í heilbrigðis þjónustu en með því má auka verulega fjárhagslega hagræðingu. Gæta þarf þess að móttaka sjúkra sé skipulögð í samræmi við þarfir þeirra og tryggja skal aðgengi sjúkra og aldraðra að öllum þáttum heilbrigðisþjónustunnar.

Nýta á kosti fjölbreyttra rekstrarforma í heilbrigðiskerfinu til að ná árangri í þjónustu og hagkvæmni í rekstri. Árangursgreining og faglegt eftirlit verður að fylgja. Þannig má ná hámarksnýtingu á fjármagni sem veitt er til heilbrigðismála. Tryggja þarf aðgengi fyrir alla landsmenn, til dæmis með fjarheilbrigðisþjónustu og öruggum sjúkraflutningum. Fjarþjónusta getur einnig átt við um heilbrigðisþjónustu milli landa, þar sem Íslendingar eru ýmist veitendur eða þiggjendur.

Fjarheilbrigðisþjónusta verði tekin upp með aðkomu allra heilbrigðisstétta og stefnt að því að hún geti verið í boði fyrir alla landsmenn.

Taka þarf upp gæðastaðla í allri heilbrigðisþjónustu og gæðavottun þar sem við á. Samræma þarf kostnaðargreiningar og kostnaðarmælitæki, sem tekin hafa verið upp hér á landi með góðum árangri og þau verði áfram þróuð til nota í heilbrigðiskerfinu öllu.

Landsfundur telur mikilvægt að bæta aðstöðu Landspítalans. Í ljósi efnahagsástandsins telur landsfundur þó fyrirliggjandi hugmyndir um nýbyggingu ótímabærar. Höfuðáherslu ber að leggja á grunnrekstur heilbrigðisstofnana um allt land.

Sjálfstæðisflokkurinn vill auka samstarf um rekstur heilbrigðisþjónustu við sveitarfélög, félagasamtök, sjálfseignarstofnanir og einkaaðila. Mikilvægt er að þessir aðilar geti sett upp þjónustueiningar og gert samninga að uppfylltum skilyrðum um gæði og hagkvæmni veittrar þjónustu.

Sjúkratryggingum Íslands verði gert kleift að rækja hlutverk sitt sem ábyrgur kaupandi við gerð samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu.

Samfella í þjónustu verði tryggð sem allra fyrst með því að stórbæta upplýsingagjöf milli aðila, s.s. með rafrænni sjúkraskrá og samhæfingu í rafrænum samskiptum.

## Ályktun um velferðarmál

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á eftirfarandi varðandi tryggingar og lífeyrismál:

Íslendingar hafa byggt upp eitt sterkasta lífeyrissparnaðarkerfi sem þekktist. Sparnaður í lífeyrissjóðum er nú um 130% af landsframleiðslu eða 17 mkr. á hverja fjölskyldu og fara 70 milljarðar króna í lífeyri á ári. Lífeyrissjóðirnir tryggja þeim sem falla út af vinnumarkaði sökum veikinda, örorku eða aldurs lífeyri tengdan fyrri tekjum. Mikilvægt er að þessu kerfi sé viðhaldið og það varið fyrir áföllum. Á hinn bóginn er mikilvægt að auka áhrif og ábyrgð sjóðfélaga á stjórnir lífeyrissjóða og gagnvart eign sinni í lífeyrissjóðum og gefa þeim aukið frelsi til að velja um lífeyrissjóð. Þá er mikilvægt að gefa fleiri aðilum heimild til að veita þá þjónusta að varðveita og ávaxta lífeyri launþega. Tryggingastofnun ríkisins, sem tryggir lífeyri háðan búsetu, greiðir um 50 milljarða króna á ári í lífeyri. Mikilvægt er að fundin verði réttlát og varanleg lausn á samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Greiðslupátttaka langveiks fólks er oft ósanngjörn. Unnið verði að því að gera notendagjöld skiljanleg og þannig útfærð að þau hlífi þeim sem búa við langvinna sjúkdóma. Skoðað verði hvernig tryggja megi að fjölskyldur beri ekki kostnað vegna reglubundis eftirlits, lágmarks tannlækninga barna og að foreldrum fatlaðra og langveikra barna séu tryggðar umönnunabætur. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar að einstaklingar greiði fyrir hjálpartæki hverskonar enda séu þau viðkomandi nauðsynleg. Sjálfstæðisflokkurinn hafnar frumvarpi núverandi velferðaráðherra um greiðslupátttöku í lyfjakostnaði, vinna þarf nýtt og skýrara frumvarp sem taki til alls lyfjakostnaðar og heilbrigðisþjónustu

Tekin verði upp notendastýrð þjónusta við fatlað fólk og aldraða.

Endurhæfing öryrkja verði treyst í sessi og 75 % örorkumatið endurskoðað með það að markmiði að byggt verði á því hvað einstaklingurinn getur í stað þess að einblína á takmarkanir hans. Vinna þarf að kerfi sem hvetur fólk til virkni og hvetur fyrirtæki til að styðja við eðlilega og sjálfsagða atvinnupátttöku fatlaðra.

Tryggja þarf einstaklingum, sem hafa skerta starfsorku eða hafa tímabundið horfið af vinnumarkaði, aðgang að fjölbreyttri starfsmenntun og endurhæfingu. Bíllinn er nauðsynlegt hjálpartæki fyrir hreyfihamlaða og nauðsynlegt að endurskoða og efla aðkomu stjórnvalda þar að m.a. með tilliti til búsetu einstaklinga og heimilisaðstæðna.

Fæðingarorlofssjóður verði byggður upp á ný. Tilgangur fæðingarorlofs er að stuðla að samvistum nýbakaðra foreldra við börn sín.

Sjálfstæðisflokkurinn áréttar mikilvægi þess að breytt verði um stefnu í efnahags- og atvinnumálum til þess að auka verðmæta sköpun og þar með tekjur ríkissjóðs. Það er áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir mikinn niðurskurð í velferðarmálum.

### Áherslur í málefnum eldri borgara

Landsfundur leggur áherslu á rétt eldri borgara sem allra landsmanna til að njóta fullkominnar heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Í því felst, að hver einstakur á rétt á þjónustu á því stigi, sem þarfir hans

## Ályktun um velferðarmál

segja til um. Það kallar á fleiri úrræði eins og skilgreindar öryggis- og þjónustuíbúðir, þar sem hjón geta verið undir sama þaki, þótt annað þeirra sé á hjúkrunardeild. Þá átelur landsfundur of strangt vistunarmat fyrir umsækjendur um hjúkrunarrými. Það er réttlætt með því, að nauðsynlegt sé að skera niður, en dulinn sparnaður af því tagi er ómannúðlegur og bitnar á heilsu og andlegri líðan hinna öldruðu og er íþyngjandi á nánasta umhverfi þeirra.

Landsfundur lýsir áhyggjum yfir því, að með frumvarpi til fjárlaga er stefnt að því að skera framlög til heilbrigðismála enn frekar niður, sem kemur þyngst niður á sjúkum en bitnar líka óhjákvæmilega á öldruðum og aðstandendum þeirra. Þannig verður ógjörningur að veita sömu þjónustu við fólk með heilabilun. Þess eru dæmi, að aldraðir hafa ekki getað leyst út lyf. Biðlistar lengjast og sjúklingar fá ónóga umönnun á sama tíma og velferðarráðherra lætur loka vistrýmum á hinum ýmsu hjúkrunar- og dvalarheimilum. Víða um land er ástandið þegar komið niður fyrir þolmörk, sem ekki á að þekkjast í nútíma þjóðfélagi og hlýtur að leiða til þess að fólk flytjist úr byggðunum.

Landsfundur mótmælir harðlega fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um að leggja niður líknaardeild aldraðra á Landakoti. Þar hefur mikil sérfræðiþekking byggst upp, sem hefur nýst í betri umönnun og hjúkrun aldraðra síðasta æviskeiðið. Þessi þekking hefur komið að gagni á hjúkrunarheimilum víðs vegar um landið og orðið þeim hvatning til þess að gera betur.

Landsfundur vill að eftirfarandi verði skoðað ítarlega :

1. Eldri borgarar, sem eru á dvalarheimilum, haldi fjárhagslegu sjálfstæði sínu. Þeir vilja halda reisin sinni, en eins og kerfið er byggt upp eru þess dæmi, að einstaklingar veigri sér við að þiggja þá þjónustu.
2. Sú kjaraskerðing, sem eldri borgarar urðu fyrir 1. júlí 2009 verði afturkölluð, sem m.a. felst í því að aldraðir haldi óskertum grunnlífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins.
3. Þeir, sem náð hafa 70 ára aldri, geti aflað sér atvinnutekna án þess að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins skerðist.
4. Ellilífeyrir sé leiðréttur til samræmis við þær hækkanir, sem orðið hafa á lægstu launum síðan í ársbyrjun 2009. Það er með öllu óásættanlegt að með þessum hætti skuli niðst á eldri borgurum og fordæmt, að enn skuli eiga að skerða þeirra hlut í fjárlögum næsta árs.
5. Verðbótapáttur vaxta valdi ekki skerðingum hjá Tryggingastofnun ríkisins.
6. Lögum um almannatryggingar verði breytt á þann veg, að aldraðir geti selt eignir sínar án þess að andvirði þeirra skerði greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Það felur í sér að þeir greiða skatta og skyldur af eignasölunni en verður ekki íþyngt umfram aðra þegna þjóðfélagsins.
7. Í samvinnu við lífeyrissjóði og stéttarfélag er nauðsynlegt að finna leiðir til þess að það sé mögulegt og eftirsóknarvert fyrir hina öldruðu að vera lengur úti á vinnumarkaðnum. Með því móti verða lífsgæði hinna öldruðu meiri. Sá tími kemur á ný eftir vinstri stjórn að þörf verður fyrir atvinnupátttöku hinna öldruðu í þjóðfélaginu.

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir að unnið verði að því að afnema sérlæg um málefni aldraðra og fatlaðra og að ákvæði þeirra verði felld inn í heildarlöggjöf um velferðarmál. Þessi vinna fari fram í samvinnu allra

# Ályktun um velferðarmál

hlutaðeigandi þ.á m. stjórnámálanna, fagaðila og hagsmunaaðila.

Boðið verði uppá heilsueflandi heimsóknir fyrir 75 ára og eldri frá velferðarmiðstöð (þjónustumiðstöð/heilsugæslustöð) í nærumhverfinu. Ráðgjöf verði veitt um réttindi og þjónustu. Heimabjónusta verði veitt samkvæmt viðurkenndu þjónustumati. Heimilishjálp greiðist af notanda (a.m.k. að hluta) en heimahjúkrun af opinberu fé. Áhersla sé á að eldri borgarar geti búið sjálfstæðu lífi á eigin heimili sem lengst og fái þar þá þjónustu sem þörf er á.

Ef eldri borgari þarf að flytjast af eigin heimili til hjúkrunar í þjónustuhúsnæði (hjúkrunarheimili), er gerður þjónustusamningur um kostnað vegna leigu á húsnæði (í samræmi við gæði þess), kaup á máltíðum, þrifum, þvottum o.s.frv. Notandi ber kostnað af lyfjum og hjúkrunarvörum með sama hætti og þegar hann/hún bjó heima. Almenn heilbrigðisþjónusta verði kostuð af opinberu fé. Önnur sérfræðiþjónusta er kostuð af notanda með sama hætti og þegar hann/hún bjó heima.

Boðið verði upp á fjölbreytt rekstrarform í heimabjónustu og á hjúkrunarheimilum sem byggist á þjónustu samningum við hið opinbera. Þjónustusamningar taki mið af þarfalýsingu með lágmarksviðmiðum um þjónustu, mannauð, gæði og verkferla og rekstur og húsnæði. Notendur geti keypt ýmsa þjónustu umfram lágmarksviðmiðin án takmörkunar, þ.m.t. stærra húsnæði, valkosti í máltíðum og ýmsa persónubundna viðbótarþjónustu.

## Áherslur í málefnum fjölskyldunnar

Sjálfstæðisflokkurinn vill virða og treysta hlutverk fjölskyldunnar, sem veitir öryggi og umönnun börnum, sjúkum og öldruðum. Stöðugar fjárhagsáhyggjur eru ógn sem nú steðjar að allt of mörgum fjölskyldum. Alþingi verður að skilgreina farveg til úrlausnar á fjárhagsvanda venjulegs fólks svo að fjölskyldur í vanda geti greitt úr honum.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að launþegar eigi kost á sveigjanlegum vinnutíma og sveigjanlegum persónu bundnum starfslokum. Neikvæð jaðaráhrif skattkerfisins mega ekki draga úr fólki þrótt og persónuafslátt á að vera unnt að nýta innan fjölskyldu.

Sjálfstæðisflokkurinn vill öflugt almannatryggingakerfi sem styður vel fjölskyldur langveikra barna, fatlaðra og aldraðra. Sjálfstæðisflokkurinn vill að almannatryggingakerfið taki mið af því að mörg börn eigi tvö heimili og aðstoð þurfi því að ná til beggja heimila. Tryggja verður tilverurétt þessarar fjölskyldugerðar innan almannatrygginga, félagsþjónustu og annarra þátta samfélagsþjónustunnar.

## Barnavernd

Fyrirbyggjandi barnavernd verði tryggð af ríki- og sveitarfélögum sem hluti af velferðarþjónustu við íbúana.

Gerð verði ábyrg stefna um viðbrögð við aukinni vímuefnaneyslu ungmenna. Skortur á vistunarúrræðum er óviðunandi ástand sem bregðast þarf strax við.

# Ályktun um velferðarmál

Vistunarúrræðum fyrir 17–19 ára ungmenni verði fjölgað.

Boðið verði upp á aðgreinda skammtímavistun fyrir 14–16 ára einstaklinga með hegðunarvandamál en sem ekki eru í neyslu vímuefna.

Komið verði í veg fyrir að mjög ung börn vistist með eldri börnum í vanda.

Umgengnistálmanir eru brot á rétti barna til þess að umgangast annað foreldri sitt samkvæmt lögformlegum úrskurðum og mannréttindaákvæðum. Lagt er til að mál þar sem forsjáraðili barns beitir umgengistálmunum, þrátt fyrir aðfarargerð þess sem á rétt á umgengni við barnið, verði meðhöndluð sem barnaverndarmál.

Aðilum máls verði heimilað að gera kröfu þessa efnis. Sjálfstæðisflokkurinn vill að forsjarlaust foreldri barns verði ávallt aðili að barnaverndarmáli nema það sé talið andstætt högum barnsins. Gerðar verði breytingar á barnalögum og barnaverndarlögum til að tryggja að þetta nái fram að ganga.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að á umgengnistálmunum sé tekið fljótt og af festu.

Sjálfstæðisflokkurinn harmar það úrræðaleyfi sem blasir við í umgengnistálmunum í dag.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að reglur um hvernig skólastjórnendur og sveitarfélög bregðist við einelti í grunnskólum verði skýrar og að tryggt verði að tilkynningar um einelti séu ávalt sendar barnaverndaryfirvöldum.

## **Foreldrajafnrétti**

Sjálfstæðisflokkurinn vill að barnalögum verði breytt með þeim hætti að foreldrajafnrétti verði tryggt.

Nauðsynlegt er að dómaraar fái heimild til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá. Jafnframt þurfa foreldrar að eiga þess kost að geta samið svo að lögheimili barns verði hjá þeim báðum. Sjálfstæðisflokkurinn telur að í lögum ætti sú meginregla að gilda við sameiginlega forsjá að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra nema þeir ákveði annað í samningi eða sýslumaður úrskurði annað. Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að sjálfvirk forsjá til sambúðaraðila eða maka falli niður enda séu hagsmunir barnsins ávallt í fyrirrúmi. Sjálfstæðisflokkurinn vill að karlmaður sem telur sig föður barns geti höfðað faðernismál þótt barnið sé feðrað. Forsjálausir foreldrar fái aðgang að skriflegum upplýsingum um barn sitt frá stofnunum og sveitarfélögum. Sjálfstæðisflokkurinn vill að umgengnisdeilur verði hægt að reka fyrir dómstólum.

Hagsmunir barnsins skuli ávallt vera í fyrirrúmi og þess gætt að rödd barnsins hafi vægi í forsjármálum. Sjálfstæðisflokkurinn telur afar brýnt að hraða endurskoðun barnalaga með tilliti til þessa.

## **Mannréttindi – Jafnrétti**

Sjálfstæðismenn vita að samfélaginu vegnar best þegar hver einstaklingur fær þroskað og notið hæfileika sinna til uppbyggingar og framfara, bæði einn og í samstarfi við aðra og í heilbrigðri samkeppni. Ríkisvaldið setur leikreglur og sér til þess að þeim sé fylgt en verður að stilla afskiptum sínum í hóf. Ákvæði stjórnarskrár

## Ályktun um velferðarmál

þurfa að kveða á um takmörkun og dreifingu ríkisvaldsins og réttindi borgaranna gagnvart hinu opinbera.

Á samdráttartímum er hætta á að halli á mannréttindi innan samfélaga. Á slíkum tímum er brýnt að huga sérstaklega að því að mannréttindi sem borgurunum eru tryggð í stjórnarskrá og alþjóðasáttmálum séu ávallt virt og í heiðri höfð. Þrátt fyrir nauðsyn á öflun, skráningu og vörslu upplýsinga verður að virða friðhelgi einkalífs.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins verði lögfestur.

Sjálfstæðisflokkurinn vill að hæfileikar einstaklinga njóti sín óháð kynferði, aldri, trú, stöðu eða öðrum aðgreinandi þáttum. Efla þarf vilja og möguleika allra til að taka að sér ábyrgðarstörf og tryggja að laun séu ekki háð öðru en stöðunni sjálfri, auk getu og hæfni einstaklingsins.